EINING-IÐJA

# Eining-Iðja

F É L A G S B L A Ð

2. tölublað • 3. árgangur • Júní 2001



*Útgefandi:* Eining-Iðja
Skipagötu 14 • 600 Akureyri
Sími 460 3600 • Bréfasími 460 3601

*Ábyrgðarmaður:* Björn Snæbjörnsson

*Umsjón, textagerð og prófarkalestur:*
Fremri kynningarþjónusta

*Auglýsingar:* Páll Júlíusson,
sími 861 8262

*Forsíðumynd:* Myndrún
Rúnar Þór Björnsson

*Prentvinnsla:* Ásprent/POB ehf.

Frjálst er að nota efni úr blaðinu, í heild eða að hluta, þó þannig að heimildar sé getið.

*Skrifstofa Einingar-Iðju á Dalvík:*
Ráðhúsinu • Sími: 466 1340
Bréfasími: 466 1041
*Opnunartími:* Kl. 10-14 mánud., þriðjud., fimmtud. og föstud.
og kl. 10-16 miðvikud.

*Skrifstofa Einingar-Iðju í Ólafsfirði:*
Múlavegi 1 • Sími: 466 2318
Bréfasími: 466 2681
*Opnunartími:* Kl. 9-15 virka daga.

# Efnisyfirlit:

**Bls.**

Breytt deildaskipting . . . . . 4
Aðalfundur 2001 . . . . . 6
Virkjum unga fólkið . . . . . 8
Viskubrunnur . . . . . 9
Tímamótasamningur við sveitarfélögin . . . . . 10
Stubbar . . . . . 10
Alþjóðlegur baráttudagur verkalýðsins . . . . . 11
Fróðleikur um lífeyrissparnað . . . . . 12
Ársfundur ASÍ . . . . . 13
Fræðslusjóðurinn LandsMennt . . . . . 14
Heimasíðan senn í loftið . . . . . 14
Vegabréf á vinnumarkaði . . . . . 15
Unga fólkið þarf að láta í sér heyra . . . . . 16
Stjórnir og nefndir . . . . . 18

Verð á mælieiningu auðveldar samanburð




Mælieiningaverð er verð vöru miðað við tiltekna mælieiningu, svo sem kíló, lítra og metra.

Til að auðvelda neytendum að bera saman verð hafa verið settar reglur sem skylda verslunareigendur til að gefa upp mælieiningaverð vöru auk söluverðs.

SAMKEPPNISSTOFNUN

EINN TVEIR OG ÞRÍR

## Viðbótar lífeyrissparnaður
## Traustur sjóður í heimabyggð!

Lífeyrissjóður Norðurlands

## Hringdu núna í síma

# 800 8000



Það eina sem þú gerir er að gefa upp nafn þitt, kennitölu og heimilisfang. Einnig upplýsingar um launagreiðanda. Við höfum samband aftur. Fyrirhafnarlaust fyrir þig.

Atvinnurekandi og ríki eru skuldbundin til að leggja fjármuni inn á þitt nafn ef þú ákveður að taka þátt í viðbótar lífeyrissparnaði. Séreignardeild Lífeyrissjóðs Norðurlands tekur mánaðarlega við slíkum sparnaði hjá fjölda fólks.

### *Svona lítur dæmið út hjá manni sem sparar 4% af 100 þúsund krónum:*

| | |
|---|---|
| Framlag launþega 4% | kr. 4.000,- |
| Frá launagreiðanda 1% | kr. 1.000,- |
| Frá ríki 0,4% | kr. 400,- |
| **Samtals í sparnað** | **kr. 5.400,-** |

En skattur launþegans **lækkar** um kr. 1.550,-
eða tæp 40% af framlagi hans!

### *Niðurstaðan er því þessi:*

| | |
|---|---|
| Þegar sparnaðurinn er... | **kr. 5.400,-** |
| lækka útborguð laun aðeins um | **kr. 2.450,-** |

## *Nánari upplýsingar á www.lnord.is*

LÍFEYRISSJÓÐUR NORÐURLANDS

## *Þar sem framtíðin vex!*

Hönnun: STÍLL

## Lausar vikur í orlofshúsum

Að venju var mikil ásókn í orlofshús félagsins. Þegar umsóknarfrestur rann út höfðu um 450 umsóknir borist en til úthlutunar voru um 230 vikur.

Þeir sem ekki fengu úthlutað þeim stað sem óskað var eftir á þeim tíma sem sótt var um gafst kostur á að sækja um aftur þær vikur sem enn voru lausar og bárust þá 45 umsóknir. Enn er nokkuð um lausar vikur í hinum ýmsu húsum, sérstaklega þegar líða tekur á sumarið. Til að fá nánari upplýsingar um lausar vikur getur fólk haft samband við aðalskrifstofu félagsins í síma 460 3600.

## Enn hægt að komast í fjallaferðina

**Enn eru örfá sæti laus í hina árlegu fjallaferð Einingar-Iðju sem farin verður dagana 14. til 17. ágúst nk. Hámarksfjöldi í ferðina er 40 manns en hins vegar eru engar fjöldatakmarkanir í dagsferð fyrir aldraða félagsmenn sem farin verður 19. ágúst nk.**

Að þessu sinni er stefnan í fjallaferðinni tekin á öræfin norðan Vatnajökuls. Farið verður í Herðubreiðarlindir og þaðan í Kverkfjöll og gist verður í Sigurðarskála. Daginn eftir verður ekið í Dreka, skála Ferðafélags Akureyrar við Drekagil í Dyngjufjöllum, þar sem verður grillað og gist. Á þriðja degi verður farin Gæsavatnaleið að Laugafelli og gist þar síðustu nóttina. Frá Laugafelli liggur leiðin niður í Skagafjörð og þaðan heim.

Verðið er 8.000 kr. á manninn. Innifalið í því er allur akstur og leiðsögn. Grillað verður einu sinni og verður lagt til grillkjöt og kartöflusalat það kvöld en að öðru leyti verður fólk að nesta sig sjálft og greiða gistingu í skálum.

### *Ferð fyrir aldraða Einingar-Iðjufélaga*

Eins dags ferð fyrir aldraða Einingar-Iðjufélaga verður farin 19. ágúst nk. Farið verður upp í Herðubreiðarlindir. Þessi ferð var á áætlun síðasta sumar en þá þurfti að fresta henni vegna mikilla vatnavaxta á svæðinu. Ferðin verður auglýst nánar síðar en verð á manninn er 2.000 kr.

# Breytingar gerðar á deildaskiptingu

**Aðalfundir starfsgreinadeilda Einingar-Iðju voru haldnir í mars sl. Samhliða voru gerðar nokkrar breytingar á deildaskiptingu og m.a. var deildunum fækkað úr sex í fimm. Einnig tók nýtt fólk við formennsku í þremur deildum. Eftir þessar breytingar er deildaskipting Einingar-Iðju hliðstæð uppbyggingu Starfsgreinasambandsins.**

Þær fimm starfsgreinadeildir sem nú starfa innan Einingar-Iðju eru: Iðnaðardeild, matvæladeild, þjónustudeild, opinber deild og tækja- flutninga- og byggingadeild. Engin breyting varð á tveimur síðasttöldu deildunum og þar eru sömu formenn áfram en á öðrum deildum urðu hins vegar nokkrar breytingar.

### *Almenna deildin lögð niður*

Almenna deildin heyrir nú sögunni til. Þeir sem áður tilheyrðu henni eru nú annars vegar innan þjónustudeildar og hins vegar matvæladeildar.

### *Iðnaðardeild*

Iðnaðardeild tekur við af iðnverkadeild og hluti þeirra sem tilheyrðu henni fluttist yfir í matvæladeild. Nýr formaður iðnaðardeildar er Jakob Tryggvason.

Í Iðnaðardeildinni eru t.d. þeir sem vinna í fata-,vefja- og skinnaiðnaði, úrvinnsluiðnaði, hreinlætisvöruiðnaði, plast-, gúmmí-, umbúða-, lyfja-, gler-, málningarvöru- og tækniiðnaði. Einnig í ofna-, bobbinga- og hillusmíðum- og skyldum málmsmíðum. Svo og þeir sem vinna við endurvinnslu í húsgagnaiðnaði, þvottahúsum og efnalaugum hjá almennum atvinnurekendum, á dekkjaverkstæðum, smur-, ryðvarnar-, bón- og þvottastöðvum og við línu- og netagerð.

### *Matvæladeild*

Matvæladeild hét áður fiskvinnsludeild en nú hafa bæst við þeir sem starfa í öðrum matvælaiðnaði og áður voru innan iðnverkadeildar og almennu deildarinnar. Nýr formaður matvæladeildar er Anna Júlíusdóttir.

Í Matvæladeildinni eru t.d. þeir sem vinna við landbúnað, mjólkuriðnað og kjötvinnslu, í sláturhúsum, kex- og sælgætisverksmiðjum og við drykkjarvöruiðnað. Einnig þeir sem vinna við verkun og vinnslu á ferskum sjávarafla, þ.e. í frystingu, söltun og skreiðarverkun, rækju- og skelvinnslu, fiskeldi, hrognavinnslu, síldarvinnslu, loðnubræðslum og við línubeitningu.

### *Þjónustudeild*

Þjónustudeild hét áður ferðaþjónustudeild. Við hefur bæst hluti þeirra sem áður tilheyrðu almennu deildinni. Nýr formaður þjónustudeildar er Erla M. Hilmisdóttir.



*Formenn deilda, talið frá vinstri: Þorsteinn J. Haraldsson, Anna Júlíusdóttir, Erla M. Hilmisdóttir, Jakob Tryggvason og Sigríður K. Bjarkadóttir.*

Í Þjónustudeildinni eru t.d. þeir sem vinna við ræstingar og eldhússtörf hjá almennum atvinnurekendum, á veitingahúsum, hótelum og gistiheimilum, við ferðaþjónustu bænda og annað sem fellur undir ferðaþjónustu og við gæslu (öryggis- og næturvarðmenn).

### *Opinbera deildin*

Engar breytingar urðu á skipulagi opinberu deildarinnar og er Sigríður K. Bjarkadóttir áfram formaður hennar. Í opinberu deildinni eru t.d. þeir sem vinna hjá ríki, sveitarfélögum og einkastofnunum sem annast aldraða, fatlaða og börn.

### *Tækja-, flutninga- og byggingadeild*

Þorsteinn J. Haraldsson er áfram formaður tækja-, flutninga- og byggingadeildar. Í henni eru t.d. þeir sem vinna í byggingarvinnu, við vegagerð, hjá steypustöðvum, á bifreiðum, vinnuvélum og lyfturum, í slippvinnu, hafnarvinnu, vöruskemmum og hjá flutningafyrirtækjum.




# Paratabs

## ÞRAUTREYNT VERKJALYF

**Notkunarsvið:** Paratabs inniheldur parasetamól og er verkjastillandi sem og hitalækkandi lyf. Það er notað við höfuðverk, tannpínu, tíðaverkjum o.fl. Einnig við sótthita af völdum inflúensu og annarra umgangspesta eins og kvefs. **Varúðarreglur:** Fólk sem hefur ofnæmi fyrir parasetamóli eða er með lifrarsjúkdóma má ekki nota lyfið. Nýrna- og lifrarsjúklingum er bent á að ráðfæra sig við lækni áður en þeir taka lyfið. Of stór skammtur getur valdið lifrarbólgu. **Aukaverkanir:** Parasetamól veldur sjaldan aukaverkunum og þolist yfirleitt vel í maga. Langvarandi notkun lyfsins getur valdið nýrnaskemmdum. **Skömmtun:** Nákvæmar leiðbeiningar um skömmtun fylgja lyfinu. Ekki má taka stærri skammta en mælt er með. *Lesið vandlega leiðbeiningar sem fylgja lyfinu.*

DELTA

LYFJAÞRÓUN • HUGVIT • GÆÐI

www.delta.is

## Aðalfundur Einingar-Iðju 2001

# Viðburðaríkt ár á sviði verkalýðsmála

Aðalfundur Einingar-Iðju var haldinn í Alþýðuhúsinu á Akureyri þann 15. maí sl. Þetta var jafnframt afmælisdagur félagsins sem var stofnað á þessum degi fyrir tveimur árum. Í máli Björns Snæbjörnssonar, formanns, kom fram að síðasta starfsár hafi verið viðburðaríkt á sviði verkalýðsmála. Starfsgreinasamband Íslands var stofnað á haustdögum og Alþýðusamband Íslands hélt einnig mikið umbrotaþing þar sem gerðar voru grundvallarbreytingar á sambandinu. Samningamálin voru í fullum gangi og náðu hápunkti í apríl sl. þegar gengið var frá tímamótasamningi við launanefnd sveitarfélaga. Björn Snæbjörnsson kvaðst vera nokkuð sáttur við nýliðið starfsár og ánægjulegt að tekist hafi að snúa rekstri félagsins til betri vegar. Stjórn félagsins, þ.e. formaður, varaformaður, ritari og gjaldkeri, var öll endurkjörin á aðalfundinum og að auki eru formenn deilda og svæðisráða sjálfkjörnir í stjórn. Hér í opnunni er farið yfir það sem hæst bar á aðalfundinum.

## Punktar

***• Fleiri umsóknir um atvinnuleyfi***

Mikil fjölgun hefur orðið á umsóknum um atvinnuleyfi fyrir útlendinga. Sætir það nokkurri furðu þar sem íbúar í nær allri Vestur-Evrópa geta komið og unnið hér án þess að hafa atvinnuleyfi. Vinnureglur stjórnar Einingar-Iðju eru að enginn fái atvinnuleyfi nema vera í skráðri sambúð eða giftur hér á landi. Að öðrum kosti þarf að liggja fyrir umsögn frá Svæðisvinnumiðlun um að ekki hafi fengist Íslendingur í starfið. Ef umsóknir koma frá stöðunum utan Akureyrar gefur viðkomandi svæðisráð umsögn um þær áður en þær fara fyrir stjórn félagsins.

***• Fjárstuðningur***

Eins og áður var talsvert leitað til félagsins um fjárstuðning við ýmis málefni. Þótt oftast sé um að ræða málefni sem æskilegt væri að geta styrkt hefur stjórnin haldið mjög að sér höndum í þessum efnum. Þó voru veittir nokkrir styrkir. Mæðrastyrksnefnd hefur lengi verið lagt lið fyrir jólin og varð engin breyting á því nú. Húsnæðisfélag SEM fékk styrk vegna breytinga á húsnæði sem félagið er að kaupa á Akureyri fyrir félagsmann Einingar-Iðju sem lenti í alvarlegu slysi á síðasta ári og einnig var Barnadeild FSA styrkt. Ýmsar styrktarlínur voru einnig samþykktar.

***• Helstu fundir***

Alls hafa verið haldnir 10 stjórnarfundir á milli aðalfunda og félagsfundir voru 5 á starfsárinu. Auk þess má nefna aðalfundi í svæðisráðum og deildum, fundi með starfsfólki í hinum ýmsu starfsgreinum vegna samninga og fjölda formlegra og óformlegra vinnustaðafunda. Trúnaðarráð hélt 3 fundi.

# Verulegur viðsnúningur í rekstri félagsins

**Fjárhagsleg afkoma félagsins á árinu 2000 var mun betri en árið áður. Ef litið er á reglulega starfsemi þá fór hún úr 6 milljóna króna tapi árið 1999 í rúmlega 1,2 milljóna króna hagnað árið 2000. M.ö.o. var viðsnúningur í rekstri upp á rúmar 7 milljónir króna. Vegna mikilla endurbóta á orlofshúsum félagsins, sem allar eru gjaldfærðar á árinu, samtals að upphæð 18,4 milljónir króna, varð 18,5 milljóna króna halli á orlofssjóði og félagið í heild rekið með 14,7 milljóna króna tapi. Félagið er búið að endurbæta öll orlofshús sín á aðeins þremur árum, fyrir samtals um 40 milljónir króna, en nú er þeim framkvæmdum lokið í bili.**

Vaxandi umsvif eru í rekstri orlofshúsanna þótt enn vanti mikið upp á að hægt sé að fullnægja eftirspurn. Reynt hefur verið eftir föngum að auka fjölbreytnina hvað staðarval snertir, ýmist með því að taka hús á leigu eða fá afnot af húsum í skiptum fyrir afnot af húsum félagsins á Illugastöðum. Eins og félagsmenn sáu í blaðinu sem þeir fengu sent í mars sl. stóð valið í sumar um 16 staði en eins og áður voru margir sem ekki komust þangað sem þeir helst vildu þar sem ekki var hægt að verða við nærri því öllum umsóknum.

### *Aðrir helstu sjóðir*

Sé litið til annarra helstu sjóða félagsins þá var félagssjóður rekinn með ríflega 5 milljóna króna tapi og er það stefna stjórnarinnar að ná niður tapi sjóðsins á yfirstandandi rekstrarári. Breyting var gerð á innheimtu félagsgjalda um síðustu áramót og sér félagið nú sjálft um þann þátt. Mun þetta væntanlega spara nokkra fjármuni.



*Frá aðalfundi Einingar-Iðju þann 15. maí. sl.*

Sjúkrasjóður var rekinn með hagnaði á síðasta ári en það er ljóst að reksturinn er þungur. Eins og fram kemur á öðrum stað var á aðalfundinum samþykkt tillaga um verulega hækkun á greiðslu dagpeninga úr sjóðnum en hún var orðin mjög aðkallandi. Greiðsla dagpeninga er sem fyrr langstærsti útgjaldaliður sjóðsins, eða 22,7 milljónir króna af 41,7 milljóna króna rekstrargjöldum.

Vinnudeilusjóður var rekinn með tæplega 9 milljóna króna hagnaði en á aðalfundi í fyrra var samþykkt að hækka framlag í sjóðinn með það að markmiði að tvöfalda hann á næstu árum. Rekstur annarra sjóða var með hefðbundnu sniði.

# Aðalfundur Einingar-Iðju 2001

Greiðslur dagpeninga úr sjúkrasjóði:

## Veruleg hækkun samþykkt

**Á aðalfundinum voru samþykktar verulegar hækkanir á greiðslu dagpeninga úr sjúkrasjóði. Þessar hækkanir voru orðnar mjög aðkallandi og eru án efa kærkomnar fyrir marga.**

Upphæð dagpeninga hefur miðast við 58% af 8 klukkustunda kaupi samkvæmt taxta sérhæfðs fiskvinnslufólks eftir 5 ár, eins og hann er á hverjum tíma. Þessi viðmiðun var nú hækkuð í 85%. Þá standa greiðslur yfir í allt að sex mánuði en voru áður 120 virkir daga. Til að njóta fullra bóta þarf fólk nú að hafa unnið heldur meira en áður, eða a.m.k. 1.800 klukkustundir samkvæmt viðmiðunartaxta dagvinnu á síðustu 12 mánuðum fyrir veikindin eða slysið. Þá greiðast nú 4% af ofangreindum taxta fyrir hvert barn hins veika eða slasaða en var áður 8%. Svo dæmi sé tekið þá hækka fullar dagpeningagreiðslur á dag úr 2.284 krónum fyrir hvern virkan dag í 3.346,76 krónur á dag og viðbótargreiðsla fyrir hvert barn fer úr 315 krónum í 157,49 krónur.

### *Viðbót frá Tryggingastofnun*

Fólki er bent á að sækja einnig um sjúkradagpeninga til Tryggingastofnunar ríkisins en þó geta sameiginlegar greiðslur frá Einingu-Iðju og Tryggingastofnun aldrei numið hærri upphæð en viðkomandi hafði í laun. Í töflunni sem hér fylgir er sýnt hvernig greiðslur breytast miðað við hinar nýju reglur en bent er á að hjá Tryggingastofnun er ekkert greitt fyrstu tvær vikurnar.

| | Eining-Iðja | | Tryggingast. | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| | Fyrir | Eftir | | Eftir breytingar |
| 100% mánaðargreiðsla | 49.494 | 72.527 | 22.020 | 94.544 |
| + 1 barn | 56.320 | 75.937 | 28.020 | 103.957 |
| + 2 börn | 63.146 | 79.350 | 34.020 | 113.370 |
| + 3 börn | 69.972 | 82.763 | 40.020 | 122.783 |
| + 4 börn | 76.698 | 86176 | 46.020 | 132.196 |
| + 5 börn | 83.624 | 89.589 | 52.020 | 141.609 |

## Félagsmenn nú rösklega 5.230

**Trúnaðarráð sér um að afgreiða inntökubeiðnir í félagið og samþykkti það alls 322 inntökubeiðnir á síðasta starfsári.**

Aðalfélagar í Einingu-Iðju eru nú 4.510 en voru 4.596 fyrir ári. Aukafélagar eru 725 en voru 652 á síðasta aðalfundi. Alls eru Einingar-Iðjufélagar því 5.235 og fækkaði um 13 á starfsárinu.

*Eftir svæðum skiptast félagsmenn þannig:*

| | Aðalfélagar | Aukafélagar |
|---|---|---|
| Akureyri og nágrenni | 3.644 | 578 |
| Svæðisráð Dalvíkur | 499 | 67 |
| Svæðisráð Ólafsfjarðar | 196 | 52 |
| Svæðisráð Grýtubakkahr. | 106 | 14 |
| Svæðisráð Hríseyjar | 67 | 14 |



## Heiðursfélögum afhent gullmerki

Á aðalfundinum var heiðursfélögum Einingar-Iðju afhent gullmerki félagsins. Heiðursfélagarnir eru átta talsins og áttu fimm þeirra heimangengt til að taka við merkjum sínum á fundinum. Á myndinni eru talið frá vinstri: Björn Snæbjörnsson, formaður Einingar-Iðju, Árni Lárusson, Geirlaug Sigurjónsdóttir, Kristín Hjálmarsdóttir, Jón Helgason, Ólöf Jónasdóttir og Matthildur Sigurjónsdóttir, varaformaður Einingar-Iðju. Á myndina vantar Þórarinn Þorbjarnarson, Gunnar Sigtryggsson og Björn Gunnarsson.

## Punktar

**• *Mörg námskeið***

Á starfsárinu voru haldin mörg námskeið og ýmist greiddi félagið kostnaðinn við þau eða Menningar- og fræðslusamband alþýðu. Einnig voru haldin námskeið sem kostuð voru af Starfsmenntunarsjóði félagsmálaráðuneytisins. Aldrei hafa jafn margir starfsmenn Akureyrarbæjar sótt námskeið sem Akureyrarbær og Eining-Iðja halda í sameiningu, eða á annað hundrað manns. Allt í allt sóttu um þrjú hundruð manns námskeið á vegum félagsins á starfsárinu.

**• *Formenn endurkjörnir***

Í janúar og febrúar héldu svæðisráðin á Dalvík, Ólafsfirði, Hrísey og Grýtubakkahreppi aðalfundi sína og var mæting mjög mismunandi, allt frá því að vera þokkaleg til þess að vera afleit. Verður að finna leiðir til þess að vekja áhuga fólks á svæðisráðunum því að þar er vettvangurinn til að ræða sérmál staðanna utan Akureyrar. Formenn svæðisráðanna voru allir endurkjörnir en þeir eru: Steinunn Gylfadóttir, Ólafsfirði; Guðrún Skarphéðinsdóttir, Dalvíkurbyggð; Elísabet Jóhannsdóttir, Hrísey og Ólöf Guðmundsdóttir, Grýtubakkahreppi.

**• *Sameining lífeyrissjóða***

Á aukaaðalfundi Lífeyrissjóðs Norðurlands var samþykkt að sameina Lífeyrissjóð Norðurlands, Lífeyrissjóð KEA og Lífeyrissjóð verkalýðsfélaganna á Norðurlandi vestra undir merkjum Lífeyrissjóðs Norðurlands. Frá síðustu áramótum er því allt almennt verkafólk á Norðurlandi í einum lífeyrissjóði.

**• *Leyst úr deilumálum***

Mikill tími fer í það hjá starfsmönnum félagsins að leysa úr margs konar vandamálum og deiluefnum sem upp koma á vinnustöðum. Næst á eftir gerð kjarasamninga hefur eftirlit með því að samningar séu haldnir löngum verið eitt af aðalverkefnum félagsins. Ánægjulegt er félagsmenn nýta sér í auknum mæli þá þjónustu sem félagið veitir og hafa samskipti starfsfólks félagsins við hinn almenn félagsmann þannig verið að aukast.

# Virkjum unga fólkið



*Björn Snæbjörnsson*

***Góðir félagar.***

Á síðustu árum hefur verkalýðshreyfingin á Íslandi gengið í gegnum miklar breytingar. Félög hafa verið sameinuð og landssambönd sömuleiðis. Allt er þetta gert til þess að auka slagkraftinn því fleiri saman erum við sterkari en hvert í sínu lagi. Nauðsynlegt er fyrir verkalýðshreyfinguna að þróast í takt við tíðarandann og einnig á hreyfingin að sjálfsögðu að vera eitt þeirra afla sem móta samfélagið og tíðarandann á hverjum tíma.

Eins og öllum ætti að vera ljóst snúast verkalýðsmál um fólk, unga jafnt sem gamla, karla jafnt sem konur. Hreyfingin á og þarf að vera málsvari alls launafólks í landinu. Því eru miklar skyldur lagðar henni á herðar, skyldur sem forustan á hverjum tíma verður að hafa þrótt til að rísa undir. En til að svo megi verða, verða allar raddir að heyrast innan hreyfingarinnar og þar kann að einhverju leyti að vera pottur brotinn. Svo virðist sem ungt fólk sækist ekki í nógu miklum mæli eftir því að starfa að verkalýðsmálum og er það vissulega miður. Það er nefnilega lífsnauðsynlegt að raddir unga fólksins heyrist líka því eins og gjarnan er sagt á hátíðarstundum þá er framtíðin þess. Sem formaður í einu stærsta stéttarfélagi landsins og miðstjórnarmaður í heildarsamtökum launafólks, ASÍ, hef ég velt þessum hlutum mikið fyrir mér og hvaða leiðir eru til úrbóta. Hvernig getum við betur náð til unga fólksins?

Stundum er sagt að það sé erfitt fyrir ungt fólk að koma sér á framfæri innan verkalýðshreyfingarinnar. Þar séu öll áhrifasæti frátekin fyrir „sama gamla liðið” ár eftir ár. Þetta held ég að eigi ekki við rök að styðjast. Dæmin sanna þvert á móti að þegar ungt fólk sýnir frumkvæði og áhuga og vilja til þess að láta gott af sér leiða þá er því tekið opnum örmum og það getur haft raunverulег áhrif.

Önnur röksemd er að verkalýðsfélög séu gamaldags og þunglamalegar stofnanir þar sem engu má breyta. Á meðan svo sé muni ungt fólk ekki hafa vilja til að starfa þar. Þetta er hins vegar fjarri öllum sanni. Við þurfum ekki annað en að líta til allra þeirra breytinga sem orðið hafa á skipulagi verkalýðsmála á síðustu misserum til að sannfærast um hið gagnstæða. Þessar breytingar hafa hins vegar ekki verið gerðar bara breytinganna vegna. Þær eru gerðar til að stéttarfélögin séu betur fallin til að sinna því nauðsynlega hlutverki sem þau sannarlega gegna í nútíma samfélagi.

Ef unga fólkinu finnst félagið þess vera „gamaldags og þunglamalegt” þá hefur það öll tækifæri til að beita áhrifum sínum til breytinga. Uppbygging Einingar-Iðju sem starfsgreinaskipts félags gerir það einmitt að verkum að fleiri koma að skipulagningu og stefnumótun. Þar með er auðveldara fyrir ungt fólk að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og hafa áhrif. Talsvert af ungu fólki gegnir ábyrgðarstöðum hjá Einingu-Iðju, situr í stjórnum og nefndum og sér til þess að sjónarmið ungu kynslóarinnar komist á framfæri. Þessi hópur mætti hins vegar vera stærri. Ungt fólk má heldur ekki vera hrætt við að gefa kost á sér til ábyrgðarstarfa. Dæmin sanna að því farnast jafnan vel og þeir sem eru eldri og reyndari eru alltaf boðnir og búnir til aðstoðar ef á þarf að halda.

Eining-Iðja hefur með ýmsu móti reynt að styðja við unga fólkið. Dæmi um það er sú fræðsla sem félagið stendur fyrir á hverju vori til nemenda í 10. bekk grunnskóla. Þarna er á ferðinni fólk sem margt er að fara að stíga sín fyrstu skref á vinnumarkaðnum og því veitir ekki af leiðsögn fyrstu metrana. Þessi fræðsla hefur líka mælst afar vel fyrir í þeirra hópi og gaman að fylgjast með hvernig heimsókn sem þessi getur vakið fólk til umhugsunar um réttindi sín og skyldur. Fræðsla Einingar-Iðju hefur leitt til þess að fólk hefur farið að leita sér frekari upplýsinga. Margt ungt fólk á vinnumarkaði vill líka gjarnan halda áfram að auka við menntun sína og með stofnun fræðslusjóðsins Lands-Menntar hafa þeir möguleikar nú aukist til mikilla muna. Þar er hægt að fá styrki til að stunda fjölbreytt nám og er sjálfsagt að hvetja fólk til að nýta sér þessa möguleika.

Góðir félagar. Eins og jafnan áður er sumarið sá tími sem félagsstarfið er einna minnst. En með haustinu verður allt komið í fullan gang að nýju. Eins og staðan er í dag eru engir stórir samningar lausir á næstunni og við fáum því smá tíma til að anda og byggja upp þrek fyrir næstu lotu. Þar vonast ég til að geta notið krafta enn fleiri af yngri kynslóðinni en til þessa og að því munum við stefna. Að endingu bið ég ykkur að njóta sumarsins sem allra best.

*Björn Snæbjörnsson.*

# Viskubrunnur - nýstárlegt námskeið

**Viskubrunnur nefndist nýstárlegt námskeið sem Eining-Iðja, Útgerðarfélag Akureyringa, Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar og fyrirtækið Skref fyrir skref héldu í vor fyrir starfsfólk ÚA. Um er að ræða þróunarverkefni fyrir ófaglært starfsfólk og er með því verið að róa á ný mið í námskeiðahaldi fyrir þennan hóp. Almenn ánægja er með hvernig til tókst og er reiknað með að hægt verði að útfæra námskeiðið innan fleiri fyrirtækja á Eyjafjarðarsvæðinu. Styrkur fékkst frá fræðslusjóðnum LandsMennt vegna þessa verkefnis.**

Námskeiðið byggði á virkri þátttöku starfsfólks sem vann saman að verkefnum í hópum og sem einstaklingar. Einnig var byggt á stuttum fyrirlestrum og fleiri þáttum. Markmið námskeiðsins var ekki síst að hanna námsefni og námskeið fyrir starfsfólk til að takast á við breytingar í starfsumhverfi og að reynsla starfsfólks nýtist í breytilegu starfsumhverfi nútímans. Einnig var markmiðið að auka skilning og yfirsýn á vinnumarkaði, bæta samstarfshæfni og sveigjanleika starfsmanna og þjálfa fólk til að endurmeta eigið ágæti og tjá sig af öryggi.



*Mikil ánægja var með námskeiðið hjá starfsfólki ÚA. Að loknu námskeiðinu bauð ÚA þátttakendum til glæsilegrar lokaveislu og var þar glatt á hjalla.*

### *Lærdómsríkt og skemmtilegt*

Halldóra Höskuldsdóttir var ein þeirra sem sóttu námskeiðið og segir það hafa verið afar lærdómsríkt og skemmtilegt. „Þetta var tvískipt og í fyrri hlutanum var farið í ýmislegt sem snýr að vinnunni almennt en seinni hlutinn fjallaði meira um okkur sjálf og hvað við getum gert til að okkur líði sem best í vinnunni. Mér fannst námskeiðið virkilega ná því að þjappa fólki betur saman og einnig sýna fram á að það geta allir lært," segir Halldóra.

### *Starfsfólkið einn helsti styrkleiki ÚA*

Guðbrandur Sigurðsson, framkvæmdastjóri ÚA, kveðst mjög sáttur við hvernig til tókst. „Við lítum svo á að starfsfólk félagsins sé einn helsti styrkleiki þess. Það er því sannfæring okkar að námskeið sem eru til þess fallin að efla starfsfólk okkar sem einstaklinga skili sér í öflugri starfsmönnum þegar fram í sækir," segir Guðbrandur.



# Tímamótasamningur við sveitarfélögin

**„Mín skoðun er að þessir samningar marki tímamót þar sem við náðum fram umtalsverðum kjarabótum og náðum að rétta hlut starfsfólks sveitarfélaga til samræmis við það sem gerist í opinbera geiranum. Þarna vorum við að ná fram atriðum sem BSRB og starfsmannafélögin hafa í mörgum tilfellum samið um en okkar fólk hefur ekki notið til þessa," segir Björn Snæbjörnsson, formaður Einingar-Iðju, um samninga sem gengið var frá í apríl sl. við launanefnd sveitarfélaga. Samningurinn er afturvirkur til 1. febrúar sl. og gildir í fjögur ár.**



*Góðan árangur í samningunum má m.a. þakka þeirri breiðu samstöðu sem náðist meðal verkalýðsfélaga, að mati Björns Snæbjörnssonar.*

Meðal helstu atriða sem náðust fram má nefna aukinn veikindarétt en hann lengdist um helming, lengri uppsagnarfrest, breytt og hærra vaktaálag, 50 þúsund króna desemberuppbót og margt fleira. „Hvað hæst ber að tekin var upp ný og samræmd launatafla sem felur í sér verulega kauphækkun hjá félagsmönnum Einingar-Iðju, meiri hækkanir en við höfum séð í langan tíma, segir Björn.

### *Stóraukinn lífeyrisréttur*

Stóraukinn lífeyrisréttur er meðal þess sem nýju samningarnir fela í sér og tókst nú loks eftir margra ára baráttu að ná fram. Er starfsfólk sveitarfélaga fyrsti hópurinn innan ASÍ sem nær þessum auknu réttindum sem hafa í för með sér aukinn jöfnuð til samræmis við það sem starfsfólk innan BSRB og starfsmannafélaga hafa notið. „Ein af þeim kröfum sem voru uppi í þessu sambandi var að í staðinn myndu allir starfsmenn fara að greiða í Lífeyrissjóð sveitarfélaga, sem okkur leist afar þunglega á. Á síðustu stundu tókst að ná þessu út sem ég vil þakka bæjarstjóranum á Akureyri, Kristjáni Þór Júlíussyni. Hann sýndi afar rösklega framgöngu í því máli. Fólk getur því haldið áfram að greiða í sömu lífeyrissjóði og áður og það liggur fyrir að Lífeyrissjóður Norðurlands mun bjóða Einingar-Iðjufólki sambærileg réttindi og Lífeyrissjóður sveitarfélaga gerir," segir Björn.

### *Samstaðan skilaði árangri*

Að sögn Björns þakkar hann þennan góða árangur þeirri breiðu samstöðu sem náðist meðal verkalýðsfélaga og einnig hafi það auðveldað samningaviðræður að flest sveitarfélögin fólu launanefnd sveitarfélaga samningsumboð sitt þannig að ekki þurfti að berjast á mörgum vígstöðvum samtímis. Guðrún Óladóttir, formaður opinbera sviðs Starfsgreinasambandsins, stýrði samningaviðræðum fyrir hönd verkalýðsfélaganna og fulltrúar Einingar-Iðju voru þau Björn Snæbjörnsson og Sigríður K. Bjarkadóttir, formaður opinberu deildarinnar. Á bakvið stóð 18 manna samninganefnd sem unnið hafði mikið starf og að auki allir þeir sem komið höfðu að undirbúningi kjarasamninga félagsins á fyrri stigum.

Með þessum samningum eru engir stórir samningar lausir hjá Einingu-Iðju en alltaf er þó eitthvað um fyrirtækjasamninga sem ganga þarf frá.

### *Breytt fyrirkomulag námskeiða*

Eitt atriði samninganna hefur vakið upp nokkrar spurningar en það snýr að breyttu fyrirkomulagi á menntunarmálum. Í stað þess að fólk sæki hin hefðbundnu kjarna-, valgreina- og sérhæfninámskeið á vegum stéttarfélaganna er það nú hverrar stofnunar eða vinnustaðar að setja upp áætlun um símenntun sem starfsfólk verður að fylgja vilji það halda áunnum réttindum sínum og hækka í launum. M.ö.o. verður fólk að sækja þau námskeið sem í boði eru ef það ætlar ekki að lækka í launum.

## Stubbar

### *Ólíkt hafast þau að*

Í verkfalli sjómanna áttu fiskvinnslufyrirtæki val um að senda fólk heim á atvinnuleysisbætur eða halda þeim á launaskrá. Síðari kosturinn var að sjálfsögðu mun hagkvæmari fyrir launafólk en heldur kostnaðarsamari fyrir fyrirtækin. Þeim fyrirtækjum sem völdu þá leið er þakkað sérstaklega fyrir þessa stórmannlegu afstöðu.

### *Posi tekinn í notkun*

Á skrifstofu Einingar-Iðju á Akureyri hefur verið tekinn í notkun svokallaður posi fyrir greiðslukort. Nú er því hægt að greiða fyrir orlofshús, ferðir og annað með korti. Var þetta orðið tímabært skref enda fólk orðið vant því að geta notað kortin nánast hvar sem er.

### *Miðar í Hvalfjarðargöng*

Þeir sem hyggja á fer suður yfir heiðar og hugsa sér að aka um Hvalfjarðargöng ættu fyrst að koma við á skrifstofu Einingar-Iðju á Akureyri. Félagið keypti nefnilega nokkurt magn afsláttarmiða í göngin og endurselur síðan til félagsmanna á kostnaðarverði. Þannig getur fólk nú keypt miða á 700 krónur fyrir hverja ferð sem annars kostar 1.000 krónur. Hægt er að fá miða í eina staka ferð eða fleiri, allt eftir óskum.

### *Sambýli við Félag byggingamanna*

Í maí sl. flutti Félag byggingamanna í Eyjafirði skrifstofuaðstöðu sína niður á 2. hæð í Alþýðuhúsinu og hóf þar sambýli við Einingu-Iðju. Með þessu er stigið stórt skref í að nýta betur húsnæðið og vonandi auka til muna samstarf félaganna.

### *Mörg mál framundan*

Þótt nú séu engir stórir kjarasamningar lausir er ljóst að félagsins bíða mikil verkefni á því starfsári sem nú er nýhafið. Brýnt er að sinna öðrum málum sem tengjast vinnustöðunum en það starf er aftur minna þegar stórir samningar eru í gangi. Þá má ekki gleyma því að samningar eru lausir um áramótin 2003/2004 og tíminn þangað til verður örugglega ekki lengi að líða.

### *Námskeið fyrir trúnaðarmenn*

Á síðasta starfsári var haldið eitt námskeið fyrir trúnaðarmenn félagsins og með haustinu verður byrjað af krafti með annað námskeið. Mjög brýnt er orðið að hefja þessa fræðslu því eins og staðan er í dag hafa margir af trúnaðarmönnum félagsins ekki farið á námskeið, m.a. vegna þess að talsverð endurnýjun hefur orðið í þeirra hópi á síðustu mánuðum.

# Velferð fyrir alla

## -var kjörorðið 1. maí

**Stéttarfélögin á Akureyri stóðu líkt og venja er fyrir hátíðahöldum 1. maí, á alþjóðlegum baráttudegi verkalýðsins. Kjörorð dagsins var „Velferð fyrir alla”.**

Hátíðahöldin hófust með því að safnast var saman til kröfugöngu við Alþýðuhúsið og gengið fylktu liði um miðbæinn við undirleik Lúðrasveitar Akureyrar. Gangan endaði við Borgarbíó þar sem hátíðardagskrá fór fram. Björn Snæbjörnsson, formaður Einingar-Iðju, flutti ávarp 1. maínefndar stéttarfélaganna en aðalræðumaður dagsins var Finnbjörn Hermansson, formaður Samiðnar. Einnig flutti Björg Finnbogadóttir, formaður Félags aldraðra á Akureyri, ávarp. Boðið var upp á skemmtidagskrá sem samanstóð af blokkfautuleik nemenda frá Tónlistarskóla Akureyrar, Karlakór Akureyrar-Geysir söng og Kristbjörg Jakobsdóttir söng við undirleik Hróbjarts Sigurðssonar. Fyrir yngstu kynslóðina var boðið upp á bíó. Að lokinni dagskrá voru kaffiveitingar í Alþýðuhúsinu.



*Hátíðardagskrá fór fram í Borgarbíói.*



*Samkvæmt venju var gengið fylktu liði frá Alþýðuhúsinu.*



*Alþjóðlegur baráttudagur verkalýðsins á sér langa sögu.*



*Gengið um göngugötuna.*

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

**Sími 581 3300 • Allan sólarhringinn**

**ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS SÉR UM OG ÚTVEGAR:**

- Útfararstjóri tekur að sér umsjón útfarar í samráði við prest og aðstandendur.
- Flytja hinn látna af dánarstað í líkhús.
- Koma á sambandi við þann prest sem aðstandendur óska eftir.
- Aðstoða við val á kistu og líkklæðum.
- Búa um lík hins látna í kistu og snyrta ef með þarf.
- Fara með tilkynningu í fjölmiðla.
- Stað og stund fyrir kistulagningu og útför.
- Legstað í kirkjugarði.
- Organista, sönghópa, einsöngvara, einleikara og /eða annað listafólk.
- Kistuskreytingu og fána.
- Blóm og kransa.
- Sálmaskrá og aðstoðar við val á sálmum.
- Dánarvottorð og líkbrennsluheimild.
- Duftker ef líkbrennsla á sér stað.
- Sal fyrir erfidrykkju og gestabók ef óskað er.
- Kross og skilti á leiði.
- Legstein.
- Flutning á kistu út á land eða utan af landi.
- Flutning á kistu til landsins og frá landinu.

Útfararstofa Íslands • Suðurhlíð 35 • Fossvogi
**www.utforin.is**

Menntasmiðjan á Akureyri

**Fullorðinsfræðsla**

**Kynnið ykkur**
**það sem verður í boði**
**á endur- og símenntunarnámskeiðum**
**á komandi hausti**

*

**Nánari upplýsingar í Menntasmiðjunni,**
**Glerárgötu 28, 3.hæð**
**sími: 462-7255**

Ásprent/pob ehf

Viðbótar lífeyrissparnaður:

# Lífeyrissjóður Norðurlands langstærstur

## -hefur boðið sparnaðinn í gegnum símsvarann 800-8000

Hvernig er best að útskýra fyrir fólki hvað felst í orðinu séreignarsparnaður? Þótt hér sé ekki um flókið fyrirbæri að ræða þá er vandalaust að flækja það með ýmsu móti. Meira að segja nafngiftin er á reiki og séreignarsparnaður heitir t.d. líka viðbótar lífeyrissparnaður. Og hlutföll framlaga af launum eru oft gefin upp með mismunandi hætti. Þannig er framlag ríkisins bæði 10% af framlagi launamanns og einnig allt að 0,4% af heildarlaunum hans. Svona er hægt að rugla með tölur fram og aftur þangað til enginn skilur neitt. Það er hins vegar æskilegt að fjallað sé um þetta fyrirbæri á mannamáli og það verður reynt með þessari stuttu grein.

### *Mannamál*

Til að byrja með er ágætt að gera sér grein fyrir því að lífeyrisgreiðslur í landinu eru nú af tvennum toga. Annars vegar er um að ræða lögbundnar greiðslur þar sem framlag launamanns er yfirleitt 4% og atvinnurekanda 6%. Þessi 10% fara í kaup á tryggingu til að verja einstaklinginn fyrir áföllum og skapa honum rétt á ellilífeyri við 67 ára aldur. Ef ekkert kemur fyrir hann á lífsleiðinni og hann deyr 67 ára gamall, fær hann ekkert af framlagi sínu til baka. Ef hann verður öryrki snemma á starfsferlinum og nær síðan mjög háum aldri, fær hann mun meira til baka en hann lagði inn. Þetta eru í raun hefðbundin kaup á tryggingu.

Hins vegar er um að ræða séreignarsparnað. Hann er valfrjáls. Einstaklingurinn á peningana sem hann leggur inn og þeir erfast við andlát. Eignin er tekjuskatts- og eignarskattsfrjáls og ekki aðfararhæf. Við framlag launamanns bætist framlag frá ríkinu og flestir fá einnig framlag frá atvinnurekanda.



*Lífeyrisgreiðslur í landinu eru nú af tvennum toga. Annars vegar er um að ræða lögbundnar greiðslur sem fara í kaup á tryggingu til að verja einstaklinginn fyrir áföllum og skapa honum rétt á ellilífeyri við 67 ára aldur. Hins vegar er um að ræða séreignarsparnað.*

### *35% ávöxtun fyrsta daginn*

Best er að skoða dæmi um séreignarsparnað þar sem stuðst er við 100 þúsund króna mánaðarlaun. Ef einstaklingur leggur 4% í viðbótarsparnað, sem eru 4.000 krónur, fær hann að auki framlag frá ríkinu sem nemur 10% af eigin framlagi, í þessu tilviki eru það 400 krónur. Atvinnurekandinn leggur síðan fram 1% sem eru 1.000 krónur. Í heildina verða því lagðar 5.400 krónur inn á nafn mannsins. Af þeirri upphæð leggur hann sjálfur fram 4.000 krónur en fær 1.400 krónur í bónus við innlögnina. Það jafngildir 35% ávöxtun á fyrsta degi! Veit einhver um betri ávöxtun? Við þetta má síðan bæta að útborguð laun mannsins lækka ekki um 4000 krónur. Vegna skattfrestunar lækka þau aðeins um rúmlega 2.400 krónur. Þannig má segja að þegar launin lækka um 2.400 krónur, þá eru lagðar inn á manninn 5.400 krónur. Þetta gerist síðan í hverjum einasta mánuði.




### *5 milljónir!*

Nauðsynlegt er að benda fólki á heimasíðu Lífeyrissjóðs Norðurlands **www.lnord.is.** Þar má fá allar upplýsingar um þennan sparnað og einnig er auðvelt að setja sínar eigin forsendur inn í reiknivél og fá út hvað upp getur safnast af fjármunum. Sem dæmi má nefna að einstaklingur með 100 þúsund krónur í mánaðarlaun, sem sparar 4% á mánuði í 25 ár og fær árlega 8% ávöxtun, á við 67 ára aldur ríflega 5 milljónir króna. Auðvelt er að leika sér í reiknivél heimasíðunnar og gefa sér mismunandi forsendur.

### *Sími 800-8000*

Þátttaka í viðbótar lífeyrissparnaði er orðin mjög almenn. Samkvæmt stórri könnun sem Gallup vann fyrir Lífeyrissjóð Norðurlands í mars og apríl, þá er Séreignardeild LN, sem auglýsir sparnaðinn í gegnum símsvarann 800-8000, langstærsti aðilinn í viðbótar lífeyrissparnaði á Norðurlandi. Úrtakið var 1.500 manns og svarhlutfallið 70,5% eða 1.000 manns. Könnunin er því mjög marktæk. Eins og meðfylgjandi stöplarit ber með sér, voru aðrar fjármálastofnanir með mun færri einstaklinga í þessum sparnaði. E.t.v. skýrist þessi sterka staða Lífeyrissjóðs Norðurlands af viðhorfum fólks til sjóðsins, en í sömu könnun kom fram að 96,1% telja hann traustan aðila. Það hlýtur að teljast athyglisverð niðurstaða í ljósi þess umróts sem verið hefur á fjármálamörkuðum undanfarin misseri.

# Fyrsti ársfundur ASÍ

**Framtíð velferðarkerfisins, jafnréttis- og fjölskyldumál, efnahags- og kjaramál og húsnæðismál voru meginviðfangsefni fyrsta ársfundar Alþýðusambands Íslands sem haldinn var 28. og 29. maí sl. Ársfundir leysa af hólmi hin stóru þing ASÍ sem voru haldin á fjögurra ára fresti áður.**

Rétt til setu á fundinum áttu 280 fulltrúar 103 aðildarfélaga af landinu öllu. Á ársfundinum voru hnýttir ýmsir lausir endar frá þinginu í nóvember sl. og einnig voru til afgreiðslu fjöldi reglugerða varðandi starfshætti sambandsins.

Margt vinnst með því að æðsta vald í málefnum verkalýðshreyfingarinnar komi saman árlega. Skipulag og starfshættir verða mun sveigjanlegri og hreyfingin á auðveldara með að laga sig að breyttum aðstæðum á hverjum tíma.

Á fundinum lá fyrir að kjósa varaformann ASÍ og hluta miðstjórnar og var Halldór Björnsson, formaður Starfsgreinasambandsins, endurkjörinn varaformaður ASÍ. Á næsta ársfundi verður kosið um formann sambandsins og hin sætin í miðstjórninni.

SJÓVÁ ALMENNAR
Strandgötu 3
600 Akureyri
Sími 460 6464

BAUTINN AKUREYRI
Hafnarstræti 92
Sími 462 1818
la Vita è Bella RISTORANTE

Námskeið Iðntæknistofnunar opna þér möguleika

Vinnuvélar
réttindanámskeið fyrir vinnuvélstjóra

Rannsóknarmenn
námskeið fyrir aðstoðarmenn á rannsóknastofum

Verkstjórar
námskeið fyrir starfandi og verðandi verkstjóra

Kynning og framsögn
árangursríkt fyrir alla sem þurfa að koma fram

Samningatækni
fyrir alla sem þurfa að standa fyrir máli sínu

Stofnun og rekstur smáfyrirtækja
fyrir þá sem hafa viðskiptahugmynd

Upplýsingar í símum 570 7100 og 570 7289
um þetta og margt fleira

Iðntæknistofnun
Keldnaholti, 112 Reykjavík
sími 570 7100, póstfax 570 7111

RHA
Rannsóknarstofnun Háskólans á Akureyri
Hefur til boða ýmisskonar endur- og símenntunarnámskeið fyrir einstaklinga, starfshópa, fyrirtæki og stofnanir.
Upplýsingar í síma 463-0570
rha@unak.is • www.unak.is/rha/simenntun/index/htm

Vertu í takt við tímann...
gsm-banki
heimabanki
Hennar Hátign ehf.
SPARISJÓÐUR NORÐLENDINGA
Skipagata 9 · Pósthólf 220 · 602 Akureyri
Sími 460 2500

Fræðslusjóðurinn LandsMennt:

# Mikilvægur þáttur í starfsmenntun verkafólks á landsbyggðinni

**Í tengslum við síðustu kjarasamninga var stofnaður sérstakur fræðslusjóður Samtaka atvinnulífsins og verkafólks á landsbyggðinni. Sjóðurinn fékk nafnið LandsMennt og eru helstu verkefni hans að sinna stuðningsverkefnum og þróunar-og hvatningaraðgerðum í starfsmenntun, styrkja rekstur námskeiða og nýjungar í námsefnisgerð og veita einstaklingum, verkalýðsfélögum og fyrirtækjum styrki vegna starfsmenntunar. Markmiðið er að treysta stöðu einstaklinga á vinnumarkaði og bæta samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja. Til þessa átaks í starfsfræðslumálum verður varið samtals 140 milljónum króna á næstu þremur árum (til loka ársins 2003).**



***Það er mjög nauðsynlegt að fólk nýti sér það að sækja um styrki úr LandsMennt en þeir geta numið allt að 16.000 krónum á ári.***

Verkefnisstjórnin ákvað fljótlega að skipta sjóðnum í tvo meginhluta. Annars vegar einstaklingsstyrki vegna einstakra námskeiða og hins vegar styrki til stærri verkefna þar sem um væri að ræða samstarf fyrirtækja og verkalýðsfélaga í starfsmenntun, þ.e. skipulagning á heildarlausnum starfstengdra námskeiða á hinum ýmsu sviðum atvinnulífsins. Dæmi um hið síðarnefnda er námskeiðið Viskubrunnur sem sagt er frá á öðrum stað í blaðinu.

### *Fólk hvatt til að sækja um einstaklingsstyrki*

Sá háttur er hafður á einstaklingsstyrkjunum að hver félagsmaður getur sótt um styrk til síns verkalýðsfélags sem metur umsóknina og afgreiðir styrkinn eftir starfsreglum LandsMenntar. Verkalýðsfélagið sækir síðan um endurgreiðslu til LandsMenntar. Þannig eru það verkalýðsfélögin sem sjá alfarið um afgreiðslu einstaklingsstyrkjanna. Ef einstaklingar eru hins vegar ósáttir einhverra hluta vegna með afgreiðslu síns félags þá geta þeir hinir sömu alltaf leitað til verkefnisstjóra LandsMenntar sem greiðir úr málum í samstarfi við hlutaðeigandi aðila. Eins geta forsvarsmenn verkalýðsfélaganna leitað eftir ráðgjöf og leiðbeiningum til verkefnisstjóra með úthlutun einstaklingsstyrkjanna. Það er mjög nauðsynlegt að fólk nýti sér það að sækja um styrki úr sjóðnum en þeir geta numið allt að 16.000 krónum á ári. Allir félagsmenn Einingar-Iðju hafa rétt á að sækja um að ákveðnum skilyrðum uppfylltum.

### *Styrkir til fjölbreytts náms*

Þau námskeið sem styrkt hafa verið nú þegar eru af ýmsu tagi. Má t.d. nefna tungumálanámskeið, tölvunám, vinnuvélanámskeið, meirapróf og námskeið í eiturefnaflutningum. Einnig geta einstaklingar fengið styrki til þess að sækja almennt nám við öldungadeildir framhaldsskóla, nám við námsflokka eða kvöldskóla sveitarfélags og símenntunarmiðstöðvar þar sem um er að ræða nám sem jafnast á við almennt nám (tungumál, stærðfræði, tölvur o.s.frv.). Þá má nefna nám hjá Endurmenntun Háskóla Íslands og öðrum fræðslustofnunum þar sem ekki er um að ræða beint tómstundanám.

# Heimasíða félagsins í loftið innan tíðar

**Nú er vinna við gerð heimasíðu fyrir Einingu-Iðju á lokasprettinum. Sífellt færist í vöxt að fyrirtæki og félög noti Internetið til að miðla upplýsingum um starfsemi sína og má því segja að ekki sé seinna vænna fyrir Einingu-Iðju að stíga þetta skref.**




***Hér má sjá drög að útliti fyrir forsíðu heimasíðunnar.***

Á síðunni verður að finna fjölbreyttar upplýsingar um félagið og starfsemi þess. M.a. má nefna lög og reglugerðir, þá kjarasamninga sem í gildi eru, stjórnir, nefndir, trúnaðarmenn og starfsfólk félagsins, upplýsingar um námskeið og orlofshús, auglýsingar um þá viðburði sem framundan eru og þannig mætti áfram telja. Að sjálfsögðu verða einnig upplýsingar um starfsgreinadeildirnar og svæðisráðin.

### *Fólk getur sparað sér sporin*

Hugmyndin er að í framtíðinni geti fólk í auknum mæli notað heimasíðuna til að reka ýmis erindi sín við félagið og þar með sparað sér sérstaka ferð á skrifstofuna. Meðal annars mun fólk geta sótt um orlofshús á síðunni, lagt inn umsókn vegna úthlutana úr sjóðum félagsins, fengið upplýsingar um ýmis réttindamál o.fl. Síðan er unnin hjá Nett ehf. á Akureyri.

# Eining-Iðja fræðir 10. bekkinga um vinnumarkaðinn

**Líkt og undanfarin ár hefur Matthildur Sigurjónsdóttir, varaformaður Einingar-Iðju, heimsótt alla 10. bekki á félagssvæðinu. Hefur hún afhent nemendum ritið Vegabréf á vinnumarkaði og rætt við krakkana um ýmis atriði sem vert er að hafa í huga þegar fólk er að stíga sín fyrstu spor á vinnumarkaði.**

Matthildur segir ekki nema eðlilegt að ýmis atriði vefjist fyrir fólki þegar það er að fara út á vinnumarkaðinn í fyrsta sinn og mikilvægt að veita því aðstoð strax í byrjun. Í Vegabréfi á vinnumarkaði er tekið á ýmsum hlutum. Þar má nefna kjarasamninga og hlutverk þeirra, hlutverk stéttarfélaga og stjórnun þeirra, hvernig sækja á um vinnu, ráðningarsamninga, launaseðla, lífeyris- og orlofsgreiðslur, laun vegna veikinda og slysa, öryggismál, jafnaðarkaup, verktakagreiðslur, uppsagnarfrest og vinnu barna og unglinga. Síðast en ekki síst er bent á hvert best er að leita eftir upplýsingum um hin ýmsu atriði.




*Ýmsar spurningar geta vaknað þegar fólk er að fara út á vinnumarkaðinn í fyrsta sinn og hefur Eining-Iðja lagt sitt af mörkum til að leiðbeina fólki fyrstu skrefin.*

### *Hægt að leita til félagsins*

En jafnvel þótt fólk hafi Vegabréf á vinnumarkaði við hendina er viðbúið að ýmsar spurningar vakni og Matthildur leggur áherslu á að starfsfólk félagsins er boðið og búið að leysa úr þeim vanda sem upp kann að koma. Á öllum vinnustöðum eru einnig trúnaðarmenn á vegum félagsins sem hægt er að leita til.

## Til hvers eru stéttarfélög?

Stéttarfélög hafa bein og óbein áhrif á líf og afkomu þjóðarinnar allrar. Mest eru áhrif almennra kjarasamninga. Samkvæmt landslögum má ekki ráða nokkurn mann til vinnu fyrir lakari laun eða verri kjör en kveðið er á um í kjarasamningi stéttarfélags vegna þeirrar vinnu. Helsta verkefni stéttarfélaga er að verja réttindi launafólks í landinu. Gerð kjarasamninga um kaup og kjör almennt er jafnframt eitt helsta viðfangsefni stéttarfélaga. Auk samningsgerðar og hagsmunagæslu fyrir launafólk hafa verkalýðsfélög á sinni hendi mjög fjölbreytta starfsemi. Verkalýðsfélög starfrækja sjúkra- og styrktarsjóði, bjóða t.d. upp á margháttað tómstunda-, fræðslu- og félagsstarf. Það er ávinningur bæði fyrir þig og stéttarfélagið að þú gerist félagsmaður. Ef stéttarfélög eru stór og öflug geta þau sinnt hlutverki sínu enn betur.

Úr „Vegabréf á vinnumarkaði."


## Sendum öllum félagsmönnum Einingar-Iðju sumarkveðjur

ICE FRESH SEAFOOD
SAMHERJI HF
www.samherji.is

JMJ
HERRADEILD
Gránufélagsgötu 4
Sími 462 3599

VÍS
VÁTRYGGINGAFÉLAG ÍSLANDS HF
– þar sem tryggingar snúast um fólk
www.vis.is

Samvinnuferðir Landsýn
- á verði fyrir þig
www.samvinn.is

BYKO
www.byko.is

Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar
www.eyjafjordur.is
www.afe.is

Penninn BÓKVAL
www.penninn.is

DALVÍKURBYGGÐ
Ráðhúsinu, 620 Dalvík
dalvik@dalvik.is

HRÍSEYJARHREPPUR
RÁÐHÚSINU · SÍMI 466 1762 · FAX 466 1790 · NETFANG: hrisey@li.is
www.http:/hrisey.vefurinn.is

Sparisjóður Höfðhverfinga
Ægissíða 7 • 610 Grenivík • Sími 463 3160

GRÝTUBAKKAHREPPUR
Gamla skólahúsið
610 Grenivík • Sími 463 3159

Sporthúsið
Hafnarstræti 94 • Sími 462 4350

form ARKITEKTAR HÖNNUÐIR
KAUPANGI v/MÝRARVEG . 600 AKUREYRI . SÍMI 462-6099

Verkval
Miðhúsavegur 4
Sími 461 1172

NORÐLENSKA
Grímseyjargata • Sími 460 8850

# Unga fólkið þarf að láta í sér heyra

-segir Erla M. Hilmisdóttir, yngsti deildarformaður Einingar-Iðju

**Á aðalfundi þjónustudeildar í mars sl. tók Erla M. Hilmisdóttir við formennsku í deildinni. Erla er yngsti deildarformaður Einingar-Iðju, fædd árið 1975. Mörgum hefur þótt vanta að ungt fólk fáist til að starfa að verkalýðsmálum og því þótti tilvalið að heyra í Erlu og forvitnast um af hverju hún gefur sér tíma til að starfa innan Einingar-Iðju.**

Erla segist hafa verið farin að starfa að verkalýðsmálum fljótlega eftir að hún kom inn á vinnumarkaðinn. „Ég var kosin trúnaðarmaður 1997 og varaformaður ferðaþjónustudeildar á aðalfundi 1998. Af hverju ég varð fyrir valinu veit ég svo sem ekki en ég var dugleg að mæta á fundi enda hef ég lengi haft áhuga á þessum málum.”

*Hvaða mál eru það helst þú vilt beita þér fyrir?*

„Þau eru nú svo mörg en mikilvægast er sennilega að öllum réttindamálum sé fylgt eftir. Mín skoðun er sú að það þurfi að eiga sér stað mikil uppstokkun á ýmsum sviðum. Ef við horfum sérstaklega til þjónustudeildarinnar þá er ljóst að ákvæði vinnulöggjafarinnar er nokkuð sem þarf að fylgja eftir innan ferðaþjónustugeirans. Launamálin eru auðvitað sígilt baráttuefni enda eru kauptaxtarnir til hreinnar skammar.”

## Það „reddar” þessu einhver annar

*Hvernig stendur á því að þú gefur þér tíma til að beita þér á þessum vettvangi?*

„Mér finnst að þegar starfsfélagarnir eru búnir að kjósa þig sem trúnaðarmann þá þurfir þú að gera eitthvað. Þú þarft að gangast við þeirri ábyrgð sem vinnufélagarnir fela þér. Það er allt of algengt að trúnaðarmenn séu óvirkir og auðvitað þarf fólk almennt að vera mun duglegra að fylgjast með réttindum sínum. Manni svíður oft það áhugaleysi sem virðist ríkja og t.d. endurspeglast í lélegri mætingu á fundi.”

*Af hverju heldurðu að svona fátt ungt fólk fáist til að starfa að verkalýðsmálum?*

„Þetta er nokkuð sem ég hef velt mikið fyrir mér. Nú er það t.d. þannig með ferðaþjónustugeirann, þar sem ég starfa, að þar starfar mikið af ungu fólki og e.t.v. má segja að það sé ekki allt farið að skipuleggja framtíðina í smáatriðum. Það hefur í mörg horn að líta og hugsar e.t.v. sem svo að eldra fólkið geti „reddað” þessum verkalýðsmálum. Reyndar á þetta við almennt. Það virðist því miður vera ríkjandi hugsunarháttur hjá fólki að það hljóti einhver annar að geta séð um þessi mál, mætt á fundi og barist fyrir hagsmunum þess. Hins vegar fer auðvitað illa ef allir hugsa svona.”



*Erla M. Hilmisdóttir segir að ef unga fólkið sé ekki sjálft til staðar innan verkalýðshreyfingarinnar til að berjast fyrir sínum málum þá geti það ekki ætlast til þess að aðrir taki á þeim fyrir það.*

## Jafnaldrarnir margir hissa

*Hvað segja jafnaldrar þínir um þetta „verkalýðsbrölt” í þér?*

„Þeir eru margir hissa á að ég skuli nenna að standa í þessu. Ég segi hins vegar að óhjákvæmilega eru mörg af þeim málum sem verkalýðshreyfingin þarf að berjast fyrir þess eðlis að þau henta einkum ungu fólki. Ef unga fólkið er ekki sjálft til staðar innan hreyfingarinnar til að taka á sínum málum þá getur það ekki ætlast til þess að aðrir taki á þeim fyrir það. Unga fólkið þarf að láta í sér heyra ef það vill að á það sé hlustað.”

*Hvernig hefur verkalýðshreyfingin komið þér fyrir sjónir?*

„Þetta var svipað og ég bjóst við. Auðvitað þekkti ég talsvert til þessara mála því pabbi minn, Hilmir Helgason, hefur starfað mikið innan Einingar og seinna Einingar-Iðju. Ég hef því getað fylgst með af hliðarlínunni í gegnum hann, ef svo má segja. Ég vil samt meina að það séu ekki endilega áhrif frá pabba að ég ákvað að skella mér út í þetta starf. Ég hef einfaldlega áhuga á viðfangsefninu. Ég hef einnig kynnst starfinu á landsvísu, t.d. með setu á ASÍ-þingi og stofnfundi Starfsgreinasambandsins.

## Kemur ekki niður á starfinu

*Hefurðu orðið vör við að vinnuveitendur séu neikvæðir út í þá sem vilja berjast fyrir betri kjörum?*

„Nei. Almennt finnst mér vinnuveitendur jákvæðir í garð þeirra sem gefa sig að verkalýðsmálum og ég hef síður en svo fundið fyrir því á mínum vinnustað að ég sé litin hornauga fyrir störf mín á þessum vettvangi. Eflaust eru margir hræddir við að lenda í stöðu trúnaðarmanns einmitt af þessum sökum, þ.e. þeir óttast að það komi niður á þeim í vinnunni og ég neita því ekki að ég hugsaði út í þessi mál þegar ég var kosin trúnaðarmaður á sínum tíma. Mín reynsla er hins vegar alls ekki sú að starfið innan Einingar-Iðju sé þér fjötur um fót í starfsframa eða slíku. Þvert á móti held ég að fólk átti sig á því að þeir sem eru duglegir og áhugasamir á þessu sviði eru einnig líklegir til að standa sig vel í vinnunni.”

*Er eitthvað sérstakt framundan í starfi deildarinnar?*

„Það verður nú lítið um að vera í sumar enda erfitt að ná fólki saman á meðan sumarfrí standa sem hæst og annað. En starfið fer á fullt með haustinu.”

# Sendum öllum félagsmönnum Einingar-Iðju sumarkveðjur


Landflutningar SAMSKIP
www.samskip.is

GLÓFI
randburg.com/is/glofi.html

P. Alfreðsson ehf.
Draupnisgötu 7m • 603 Akureyri
Sími 462 3248

Starfsgreinasamband Íslands
www.sgs.is

Trésmiðjan Alfa hf. – Innréttingar og hurðir
Óseyri 1a
603 Akureyri
Sími: 461-2977

Búnaðarsamband Eyjafjarðar – Stofnað 1932
Óseyri 2
603 Akureyri
Sími 462 4477

Egils
egils.is

www.nm.is

BLIKK- OG TÆKNIÞJÓNUSTAN hf.
Kaldbaksgata 2 • Sími 462 4017

HAGSMÍÐI
Glerárgötu 3b • Símar: 461 2545

FROST
www.frost.is

BLIKKRÁS HF
Hjalteyrargötu 6, Akureyri
Sími 462 6524

PRICEWATERHOUSECOOPERS
pwcglobal.com/is

Blómabúðin AKUR
KAUPANGI V/MÝRARVEG
Sími 462 4800

ENDURSKOÐUN NORÐURLANDS HF.
• Löggiltir endurskoðendur • Glerárgata 28 • 600 Akureyri • Sími 462 3811

Sparisjóður Ólafsfjarðar
www.spol.is

Höldur ehf.
www.europcar.is

Gullsmiðir
Sigtryggur & Pétur sf.
Brekkugötu 5 • Sími 462-3524

KJARNAFÆÐI
www.kjarnafaedi.is

TRÉSMIÐJAN BÖRKUR HF
Dalsbraut 1 • S: 462 1909

VSÁ
Gránufélagsgata 47
Sími 462 7860

Pedrómyndir
Skipagötu 16 & Glerártorgi
Símar 462 3520 & 461 5400

ÁSBYRGI - flóra
Frostagötu 2a, 603 Akureyri, Sími 462 3280 & 461 1155

KPMG
www.kpmg.is

RAFTÁKN ehf
Verkfræðistofa
Glerárgötu 34 • IS-600 Akureyri
Sími 464 6400 • Fax 464 6411
Heimasíða: www/raftakn.is

MÖL&SANDUR HF.
V/Súluveg • 600 Akureyri • Sími 460 2200 • Fax 460 2201
www.simnet.is/mogs • mogs@simnet.is

Flytjandi
EIMSKIP
www.flytjandi.is

NORÐURMJÓLK
Súluvegur 1 • 600 Akureyri • Sími 460 3393

SS BYGGIR
BYGGINGAVERKTAKI
........á traustum grunni
Kaldbaksgata 1 • Sími 462 6277

Daltré ehf.
Grundargata 9, 620 Dalvík
Sími: 466 1199

# Stjórnir og nefndir starfsárið 2001-2002

**Stjórn:**

Formaður: Björn Snæbjörnsson
Varaformaður: Matthildur Sigurjónsdóttir
Ritari: Arndís Sigurpálsdóttir
Gjaldkeri: Hilmir Helgason
*Auk þess eru formenn starfsgreinadeilda og svæðisráða sjálfkjörnir í stjórn.*

**Svæðisráð Ólafsfjarðar:**

Formaður: Steinunn Gylfadóttir
Varaformaður: Sigríður Ingimundardóttir
Ritari: Stefanía Jónsdóttir
Varastjórn: Sigvaldi Einarsson, Jóhann J. Jóhannsson

**Svæðisráð Dalvíkurbyggðar:**

Formaður: Guðrún Skarphéðinsdóttir
Varaformaður: Ingigerður Jónsdóttir
Ritari: Hafdís Hafliðadóttir
Varastjórn: Grímlaugur Björnsson, Þorgerður Sveinbjörnsd.

**Svæðisráð Hríseyjar:**

Formaður: Elísabet Jóhannsdóttir
Varaformaður: Þ. Áslaug Ólafsdóttir
Ritari: Matthildur Eva Antonsd.
Varastjórn: Steinar Kjartansson, Baldur Sigþórsson

**Svæðisráð Grýtubakkahrepps:**

Formaður: Ólöf Guðmundsdóttir
Varaformaður: Marsibil Kristjánsdóttir
Ritari: Gunnar Stefánsson
Varastjórn: Þórey Aðalsteinsdóttir, Örn Árnason

**Matvæladeild:**

Formaður: Anna Júlíusdóttir
Varaformaður: Margrét H. Marvinsdóttir
Ritari: Ólöf Gunnlaugsdóttir
Meðstjórnendur: Stefán Aðalsteinsson, Stefán Benjamínsson

**Opinber deild:**

Formaður: Sigríður K. Bjarkadóttir
Varaformaður: Sigríður Jónsdóttir
Ritari: Árni Másson
Meðstjórnendur: Svanhildur Sigtryggsdóttir, Marsibil Kristjánsdóttir

**Þjónustudeild:**

Formaður: Erla M. Hilmisdóttir
Varaformaður: Halldóra Höskuldsdóttir
Ritari: Valdimar Gunnarsson
Meðstjórnendur: Erna Friðriksdóttir, Sigurður Karlsson

**Tækja- flutninga- og byggingadeild:**

Formaður: Þorsteinn J. Haraldsson
Varaformaður: Guðmundur Björnsson
Ritari: Sigurður S. Ingólfsson
Meðstjórnendur: Brynjólfur Magnússon, Ingvar Kristjánsson

**Iðnaðardeild:**

Formaður: Jakob Tryggvason
Varaformaður: Þórhildur Sigurjónsdóttir
Ritari: Pétur Ingólfsson
Meðstjórnendur: Eyþór Karlsson, Kristín Ragnarsdóttir

**Trúnaðarráð:**

1. Aðalbjörg Gunnarsdóttir, Norðlenska matborðinu
2. Aðalbjörg Sigvaldadóttir, Skinnaiðnaði
3. Agnar Sverrisson, FMN
4. Alda M. Traustadóttir, Ólafsfirði
5. Anna Leósdóttir, Samherja, Dalvík
6. Árni Þ. Leósson, Gámaþjónustunni
7. Árni Másson, áhaldahúsi Akureyrarbæjar
8. Ásbjörn Jónsson, Fiskeldi Ólafsfjarðar
9. Áslaug Kristjánsdóttir, Skinnaiðnaði
10. Áslaug Kristjánsdóttir, Sambýlinu Skútagili 2
11. Ásrún Ásgeirsdóttir, Hjúkrunarheimilinu Hlíð
12. Birna Jónasdóttir, Hjúkrunarheimilinu Hlíð
13. Brynjólfur Magnússon, G.V. Gröfum
14. Egill Ragnarsson, Samherja, Hjalteyri
15. Elísabet Skarphéðinsdóttir, Varpholti
16. Elísabet Sveinsdóttir, Leikskólanum Árholti
17. Erla Hrund Friðfinnsdóttir, Leikskólanum Lundarseli
18. Erna Friðriksdóttir, Húsasmiðjunni
19. Garðar Vésteinsson, Dekkjahöllinni
20. Geir Guðmundsson, Vegagerðinni
21. Gissur Agnarsson, Securitas
22. Guðný Gunnlaugsdóttir, Fiskvinnslu Dalmars Ingvarssonar, Dalvík
23. Guðríður Þorsteinsdóttir, Glerárskóla
24. Guðrún Jóhannsdóttir, Dvalarheimilinu Kjarnalundi
25. Hafdís Hafliðadóttir, Samherja, Dalvík
26. Hallfríður Árnadóttir, Dalvíkurskóla
27. Hólmfríður Hreinsdóttir, Heimilisþjónustu Brekkuhóp
28. Hulda G. Jónsdóttir, Skógerðinni Stoð
29. Inga Sigrún Ólafsdóttir, Félagsstarfi aldraðra
30. Ingimar Harðarson, Norðlenska matborðinu
31. Ingvar Kristjánsson, Möl og sandi
32. Jóhanna Antonsdóttir, Oddeyrarskóla
33. Jón Kristinn Arngrímsson, Sæplasti
34. Jón Þór Benediktsson, Fiskeldi Eyjafjarðar
35. Jóna Jónasdóttir, ÚA
36. Jónína Sigþórsdóttir, Samherja, Dalvík
37. Júlíana Kristjánsdóttir, ISS Ísland
38. Kristbjörg Ingólfsdóttir, Landsbanka Íslands
39. Kristín Halldóra Hjaltadóttir, Samherja
40. Lára Einarsdóttir, Norðurmjólk
41. Lárus Halldórsson, Samherja-Strýtu
42. Lísa Jónasdóttir, Hæfingarstöðinni
43. Magnús Björnsson, Sól-Víking
44. Margrét Hafliðadóttir, ÚA
45. Ólafur Fossdal, Bautabúrinu
46. Reynir Helgason, Eimskip
47. Rósfríð Áslaugsdóttir, Greifanum
48. Sigríður Þórisdóttir, Hrafnagilsskóla
49. Sigrún Hilmarsdóttir, Íslensku sjávarfangi
50. Sigurður Karlsson, Securitas
51. Sigurður Sv. Ingólfsson, Norðurmjólk
52. Sólveig Jónasdóttir, Verkmenntaskólanum
53. Stefán Aðalsteinsson, Kjarnafæði
54. Stefán Benjamínsson, Ísfélagi Vestmanneyja
55. Steinþór Lúthersson, ÚA
56. Svanberg Snorrason, Samherja-Strýtu
57. Svanhildur Sigtryggsdóttir, Brekkuskóla
58. Sæbjörn Jónsson, Plastiðjunni Bjargi/Iðjulundi
59. Tryggvi Kristjánsson, Samherja, Dalvík
60. Unnur Gunnarsdóttir, Leikskólanum Krummakoti
61. Unnur María Hjálmarsdóttir, sambýlinu Dvergagili 3
62. Valborg Aðalgeirsdóttir, Glófa
63. Valdimar Gunnarsson, Odd-Vitanum
64. Víðir Davíðsson, ÚA
65. Þórey Aðalsteinsdóttir, Grenilundi, Grenivík

**Fulltrúar í stjórn Tjarnargerðis:**

Guðmundur Björnsson, Hilmir Helgason, Sigurður Randversson.
*Varamenn:* Geir Guðmundsson, Sigurður Sv. Ingólfsson.

**Stjórn sjúkrasjóðs:**

Aðalmenn: Sigrún Lárusdóttir, Birna Jónasdóttir, Geirlaug Sigurjónsdóttir.
*Varamenn:* Geir Guðmundsson, Guðrún Helgadóttir, Lára Einarsdóttir.

**Stjórn Vinnudeilusjóðs:**

Aðalmenn: Erna Friðriksdóttir, Haukur Haraldsson, Sigurður Sv. Ingólfsson.
*Varamenn:* Brynjólfur Magnússon, Egill Ragnarsson, Sigríður Jóna Gísladóttir.

**Stjórn Fræðslusjóðs:**

Guðrún Skarphéðinsdóttir, Hafdís Kristjánsdóttir, Steinþór Lúthersson, Þórunn Þórðardóttir, Sigurður Karlsson, Ingvar Kristjánsson, Unnur María Hjálmarsdóttir.

**Ritnefnd:**

Erla Hrund Friðfinnsdóttir, Halldóra Höskuldsdóttir, Kristín Anna Gunnólfsdóttir, Sigríður Þórisdóttir, Þórhildur Sigurjónsdóttir.

**Ferðanefnd:**

Björn Snæbjörnsson, Arna Brynja Ragnarsdóttir, Árni Óskarsson, Ásbjörn Jónsson, Margrét H. Marvinsdóttir.

**Mæðrastyrksnefnd:**

*Aðalmaður:* Jóna Berta Jónsdóttir
*Varamaður:* Björg Hansen

**Kjörstjórn 2001/2002:**

*Aðalmenn:* Sigurlaug Guðmundsdóttir, Karl Guðmundsson.
*Varamenn:* Sigurður Randversson, Steinunn Rögnvaldsdóttir.

# Líttu inn hjá Landsvirkjun!

*Stöðvar Landsvirkjunar víðsvegar um landið verða opnar alla eftirmiðdaga í sumar*

*Hrauneyjafoss • Sultartangi • Búrfell • Sog • Blanda • Laxá • Krafla*



## Landsvirkjun og Þjóðminjasafnið taka höndum saman

ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS

Verið velkomin á veglega sýningu á útskornum kjörgripum Þjóðminjasafns Íslands í ***Ljósafoss-stöð við Sog***, þar sem menningar-arfurinn nýtur sín við fossanið í fallegri náttúru.



## Ævintýri í undirheimum

Vegna fjölda áskorana verður listsýningu í ***Laxárstöð í Aðaldal*** haldið áfram. Ekki missa af tækifærinu að sjá verk átta listamanna sköpuð inn í hvelfingar Laxárstöðvar.

***Nánari upplýsingar á heimasíðu Landsvirkjunar, www.lv.is og í síma 515 9000.***

Landsvirkjun

AUGLÝSING
ÍSLANDSBANKI